

## Upplýsingaöryggisstefna

### 1. Inngangur

Landsvirkjun leggur mikla áherslu á upplýsingavernd og öryggi í allri upplýsingavinnslu. Stefna Landsvirkjunar er að tryggja samfellda þjónustu til viðskiptavina og að vernda upplýsingaverðmæti fyrirtækisins með sem skilvirkustum hætti. Stefnan er sett af framkvæmdastjórn Landsvirkjunar

### 2. Gildissvið

Stefnan og viðmið sem henni fylgja gildir fyrir alla starfsemi Landsvirkjunar. Umfang stefnunnar nær til starfsfólks, starfsstöðva og upplýsingaverðmæta sem Landsvirkjun hefur umsjón með eða felur öðrum að sjá um í sínu nafni.

Stefna þessi felur í sér skuldbindingu um stöðugar umbætur á stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi.

### 3. Upplýsingaöryggisstefnan

#### Stefnumið

- A. Gæta þess í hvívetna að tryggja hámarksöryggi mikilvægustu kerfa til að koma í veg fyrir að rof verði á afhendingu þjónustu til viðskiptavina.
- B. Að þess sé gætt að upplýsingar og kerfi séu varin með viðeigandi hætti.
- C. Stuðla að virkri öryggisvitund starfsmanna, þjónustuaðila, viðskiptavina og gesta.
- D. Tryggja að öllum þáttum þessarar stefnu sé framfylgt með ráðstöfunum í samræmi við störf og ábyrgð viðkomandi aðila.

#### Leiðir

- Áhættustýringu er beitt við mat á hættum og meðhöndlun áhættu.
- Landsvirkjun hefur innleitt vottað stjórnunarkerfi samkvæmt staðlinum ISO/IEC 27001, stjórnkerfi upplýsingaöryggis, og vinnur að útvíkkun þess ásamt stöðugum umbótum.
- Áætlanir eru gerðar um samfelldan rekstur, þeim er viðhaldið og prófaðar.
- Virkt eftirlit er með stýringum og rekstri stjórnunarkerfisins.
- Þátttaka í samráði á vegum stjórnvalda um net- og upplýsingaöryggi.
- Formlegt verklag við rekstur, stýringu aðgangs og breytinga á aðstöðu, búnaði og kerfum.
- Landsvirkjun endurskoðar þessa stefnu og rýnir að lágmarki á tveggja ára fresti.

## Upplýsingaöryggisstefna

### 4. Innleiðing, mælikvarðar og upplýsingagjöf

#### 1. Innleiðing

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á innleiðingu á upplýsingaöryggisstefnu. Upplýsingaöryggisstjóri aðstoðar framkvæmdastjórn við innleiðingu með samráði og samstarfi við starfsfólk Landsvirkjunar

#### 2. Mælikvarðar

#	Svið	Mæling	Tíðni	Markmið	Stefnumið	Ábyrgð
1	Upplýsingatækni og stafræn þróun	Öryggisuppfærslur	1 mán	Að 80% af tengdum útstöðvum séu komnar með nýjustu OS öryggisuppfærslur innan 2 vikna frá útgáfu.	B	Upplýsingaöryggisstjóri
2	Upplýsingatækni og stafræn þróun	Öryggisuppfærslur	3 mán	Að 90% af netþjónum séu komnir með nýjustu OS öryggisuppfærslur innan 2 mánuði frá útgáfu.	A og B	Upplýsingaöryggisstjóri
3	Öll svið	GoPro atvik	Árlega	Að það séu fá (<5) alvarleg upplýsingaöryggisatvik sem koma upp hjá fyrirtækinu á ári. Atvik hafa áhrif á fleiri en einn	A og B	Upplýsingaöryggisstjóri
4	Öll svið	Prófun	Árlega	Aukin vitund starfsmanna á upplýsingaöryggi. 75% af starfsfólki klári þjálfunarefni	B og C	Upplýsingaöryggisstjóri
5	Öll svið	Innri úttektir	Árlega	Að starfsmenn fyrirtækisins og verktakar séu meðvitaðir um reglur fyrirtækisins.  Hlutfall framkvæmdra úttekta miðað við fyrirhugað sé að minnsta kosti 80%	B og C	Ýmsir

#### 3. Upplýsingagjöf

Niðurstöður eru yfirfarnar árlega á rýnifundi stjórnenda af framkvæmdastjórn

### 5. Endurskoðun

Framkvæmdastjórn endurskoðar eða rýnir upplýsingaöryggisstefnuna að lágmarki á 2 ára fresti.

### 6. Gildistaka

Stefna þessa gildir frá og með staðfestingu framkvæmdastjórnar